

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hraðahindranir (US210365).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. desember 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Í Reykjavík eru hraðahindranir í nokkrum útgáfum, stundum þrenging, stundum einstefna þar sem einn og einn bill fer í gegn í einu og stundum koddar/bungur í mismunandi gerðum. Farið er eftir norskum leiðbeiningum í þessu efni.

Verið er að setja tugi af alls konar hraðahindrunum um þessar mundir.

Spurt er um fjölda og gerð þeirra hraðahindrana sem verið er að gera núna (sem eru í vinnslu) og kostnað?

Hvað er fyrirhugað að setja margar hraðahindranir árið 2022?

Hvernig gerðar eru þær?

Hver er fyrirhugaður kostnaður?

Hvað margar af þessum hraðahindrunum eru einskorðaðar við 30 km götur?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 26. janúar sl.

Svar við fyrirspurn:

Fjöldi, gerð og kostnaður vegna hraðahindrana sem eru í vinnslu eða fyrirhugaðar.

Nú í vor verður unnið að því að klára aðgerðir sem boðnar voru út sem hluti af umferðaröryggisaðgerðum ársins 2021 en ekki náðist að klára innan ársins. Aðgerðirnar voru kynntar á fundi skipulags- og samgönguráðs 24. mars 2021. Um er að ræða hraðalækkandi aðgerðir auk fjölda annarra umferðaröryggisaðgerða, svo sem uppsetningu handriðs til að fyrirbyggja fallhættu, bættu lýsingu eða sjónskilyrði, leiðarlínur fyrir sjónskerta, bætt aðgengi hreyfihamlaðra og uppsetningu gangbrauta. Heildarkostnaður þeirra aðgerða sem ekki er lokið en búið að bjóða út er áætlaður um 35 mi lljónir.

Skrifstofan vinnur nú að tillögu að umferðaröryggisaðgerðum ársins en fjöldi og staðsetning þeirra aðgerða liggur ekki fyrir að svo stöddu. Þó má til viðmiðunar nefna að fjárveiting til aðgerðanna er sambærileg milli ára og því má gera ráð fyrir svipuðum fjölda aðgerða og árið 2021.

Gerðir fyrirhugaðra hraðahindrana.

Tillögur að umferðaröryggisaðgerðum ársins 2022 liggja ekki fyrir og ekki er búið að ákveða endanlega hvaða lausnir eða gerð hraðahindrana verður notast við. Gera má ráð fyrir að



hraðalækkandi aðgerðir verði í formi upphækkana, kotta, þrenginga og miðeyja, allt eftir umferðartæknilegum aðstæðum hverju sinni. Sérstakar aðstæður geta þó krafist annarra útfærslna.

Áætlaður kostnaður fyrirhugaðra hraðahindrana.

Ekki liggur fyrir hversu stór hluti fyrirhugaðra umferðaröryggisaðgerða mun snúa að hraðahindrunum og þ.a.l. liggja ekki fyrir upplýsingar um kostnað við þær. Aðgerðir og kostnaður munu miðast við það fjármagn sem veitt hefur verið til umferðaröryggisaðgerða á árinu.

Fjöldi hraðahindrana á götum með 30 kílómetra hámarkshraða á klukkustund.

Það liggur ekki fyrir að svo stöddu hvar fyrirhugaðar hraðahindranir verða staðsettar. Hraðahindranir eru alla jafna í götum með 40 kílómetra hámarkshraða á klukkustund eða lægri, þó undantekningar séu á því svo sem við mikilvægar gönguleiðir yfir götur með 50 kílómetra hámarkshraða á klukkustund, þar sem dregið er staðbundið úr hraða ökutækja til að bæta umferðaröryggi þeirra sem eiga leið yfir götuna.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri